

Aðgerðir til að vinna gegn fátækt

Tillögur byggðar á skýrslunni Farsæld — baráttan gegn fátækt á Íslandi

Mars 2013



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Velferðarráðuneyti: Aðgerðir til að vinna gegn fátækt
Mars 2013

Útgefandi: Velferðarráðuneyti
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími: 545 8100
Bréfasími: 551 9165
Netfang: postur@vel.is
Veffang: velferdarraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneyti

© 2013 Velferðarráðuneyti

ISBN 978-9979-799-65-8

Efnisyfirlit

| | |
|-----------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Efnisyfirlit | 2 |
| Inngangur..... | 3 |
| Tillögur..... | 5 |
| 1. Fjölskyldur og félagslegur arfur..... | 5 |
| 1.A Barnabætur og húsaleigubætur | 5 |
| 1.B Samfella, samvinna, samráð og samhæfing í þjónustu..... | 6 |
| 1.C Þverfagleg fagteymi á heilsugæslustöðvum | 6 |
| 1.D Þverfaglegt samstarf félagsþjónustu og heilsugæslu | 7 |
| 2. Ungt fólk og endurhæfing..... | 7 |
| 2.A Tryggja virkni ungs fólks | 7 |
| 3. Málefni barna | 8 |
| 3.A Dagvistun í boði fyrir öll börn frá eins árs aldri..... | 8 |
| 3.B Gjaldfrjálsar tannlækningar barna..... | 8 |
| 4. Börn, einstaklingar og fjölskyldur af erlendum uppruna..... | 9 |
| 4.A Móttökuáætlun | 9 |
| 4.B Rannsókn á stöðu barna af erlendum uppruna sem njóta aðstoðar velferðarþjónustunnar | 9 |
| 5. Velferðarreiknir..... | 10 |
| 5.A Velferðarreiknir verði hannaður sem verður leiðarvísir fyrir almenning | 10 |
| Fylgiskjöl..... | 11 |

Inngangur

Skýrslan *Farsæld – baráttan gegn fátækt á Íslandi* var gefin út af Hjálparstarfi kirkjunnar og Rauða krossinum í Reykjavík í október 2012. Að þeirri vinnu komu fjölmargir aðilar, meðal annars fulltrúar háskólasamfélagsins, hagsmunasamtaka, hjálparsamtaka, sveitarfélaga og ríkisins. Skýrslan var unnin af hópi með breitt bakland frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, Rauða krossinum og Hjálparstarfi kirkjunnar.

Í nóvember 2012 barst velferðarráðherra erindi frá hópnum sem vann að skýrslunni *Farsæld – baráttan gegn fátækt á Íslandi*, með beiðni um fund með ráðherra og samstarf. Talsmenn hópsins sem stóðu að fyrrnefndri skýrslu fengu fund með ráðherra þar sem skýrslan var kynnt og voru starfsmenn ráðuneytisins viðstaddir kynninguna.

Í kjölfarið lagði ráðherra til að skipaður yrði starfshópur innan ráðuneytis sem ynni tillögur á grundvelli skýrslunnar *Farsæld – baráttan gegn fátækt á Íslandi*, sem yrðu liður í aðgerðum til að vinna gegn fátækt. Í þeim starfshópi áttu sæti Sigríður Jónsdóttir af skrifstofu gæða og forvarna, sem stýrði starfi hópsins, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir og Rósa Guðrún Bergþórsdóttir af skrifstofu velferðarþjónustu og Sigurjón Unnar Sveinsson af skrifstofu lífskjara og vinnumála. Starfshópurinn hafði að leiðarljósi að velja tillögur úr skýrslunni sem eru framkvæmanlegar, sem og að skoða tillögur velferðarvaktarinnar og fleiri aðila.

Lykilatriði skýrslunnar *Farsæld – baráttan gegn fátækt á Íslandi* er að virkja fólk til þess að nýta styrkleika sína og uppræta ölmusuhugsun. Langvarandi líf í fátækt eða við fátæktarmörk skemmi og ríkjandi hugmyndir um fátækt standi fátæku fólki fyrir þrifum, auk þess sem þær feli í sér einhæfa ásökun og aumkun. Samfélagsleg viðhorf séu mótuð af nauðhyggju og ölmusuhyggju, sem feli í sér þá sýn að fátækt sé náttúrulegt mál en ekki afurð menningarbundinna viðhorfa og samfélagsskipunar. Skýrslan er tilboð um samtal svo vitnað sé í orð eins af talsmönnum hópsins sem vann skýrsluna, en í henni segir: „Við viljum að umræðan um almenna velferð og veruleika fátæktarinnar í samfélagi okkar komist frá því að vera upphrópanakennd og villandi, en verði gagnrýnin, uppbyggileg og markviss, svo takist að útrýma langvarandi fátækt einstaklinga og fjölskyldna með samstilltu hugarfari og almennri þekkingu á velferð.“

Í skýrslunni *Farsæld – baráttan gegn fátækt á Íslandi* snýr töluverður hluti tillagnanna að **samfélagssáttmála** þar sem lagt er til að gert verði **fræðsluáttak** um hugtakið „velferð“ með áherslu á samfélagssáttmála sem felur í sér mannréttindi, félagsauð, valdeflingu og þátttöku allra. Einnig er lögð áhersla á að sett verði á fót **sjálfböðamiðlun** þar sem félög og stofnanir geti náð til fólks sem vill nýta krafta sína og hæfni í sjálfböðavinnu í því skyni að auka þátttöku og tækifæri til samhjálp, sem og að skilgreindar verði leiðir af hálfu sveitarfélaga til að ívilna frjálsum félagasamtökum sem vilja taka þátt í samstarfi um tækifæri fyrir sjálfböðaliða. Einnig er lagt til að skilgreind verði **þátttökuvíðmið** sem tryggja að samfélagið gefi öllum skýr skilaboð um að öllu fólki sé tryggt tækifæri til þátttöku og búist sé við þátttöku allra. Með þessu megi tryggja að grunnframfærsluviðmið og þátttökuvíðmið haldist hönd í hönd.

Einn af rauðum þráðum skýrslunnar *Farsæld – baráttan gegn fátækt á Íslandi* er samhæfing þjónustunnar og heildarsýn í meðferð mála einstaklinga og fjölskyldna. Starfshópur ráðuneytisins tók þennan þráð og reyndi að fylgja honum, sem og öðrum þráðum sem renna í gegnum skýrsluna. Virkni, þátttaka, valdefling og samspil kerfa eru endurtekin stef í gegnum skýrsluna og er ítrekað bent á mikilvægi þess að fólki sé skapað svigrúm til þátttöku og horft sé á getu fólks en ekki vangetu. Í stað mats út frá skorti sé fólk metið út frá styrkleikum, til dæmis að í stað örorkumats komi starfsgetumat. Viðfangsefni skýrslunnar skal nálgast út frá sjónarhorni nægta fremur en skorts. Íslenskt samfélag er ríkt en gæðunum er misskipt. Lögð er áhersla á að til staðar þurfi að vera í samfélaginu grunnframfærsluviðmið sem enginn sé undir og sem sátt sé um. Mikil áhersla er lögð á að veita þurfi einstaklingsmiðaða ráðgjöf í samhæfðu þjónustukerfi og að ávallt sé skilgreindur samhæfingaraðili sem gegni hlutverki málstjóra þegar einstaklingar eða fjölskyldur fá aðstoð víðsvegar úr velferðarkerfinu.

Starfshópur ráðuneytisins hafði að leiðarljósi að einstaklingurinn væri í forgrunni og að þjónustan skuli sniðin að þörfum hans en ekki öfugt. Lögð er áhersla á samhæfingu þjónustunnar og þverfaglegt samstarf milli þjónustukerfa og samráð í ákvarðanatöku milli notanda og veitanda þjónustunnar. Markmiðið er að árangurinn skili þeirri útkomu að sem flestir séu virkir þátttakendur í samfélaginu.

Tillögur starfshóps velferðarráðuneytisins, sem kynntar eru nú í eftirfarandi skýrslu, byggjast á þeim þáttum skýrslunnar *Farsæld – baráttan gegn fátækt á Íslandi* sem eru aðgerðamiðaðar, framkvæmanlegar og að mestu verkefni sem snúa að málavíði ráðuneytisins. Starfshópurinn tekur undir þær hugmyndir sem þar komu fram um mikilvægi þess að ná þjóðarsátt um samfélagssáttmála, og að til þess þurfi fræðsluáttak og samræður alls samfélagsins, í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og þriðja geirans þar sem unnið verði að sameiginlegri sýn á mikilvægi virkni og þátttöku allra. Bent er á að velferðarvaktin gæti verið heppilegur vettvangur til að koma af stað fræðslu og samstarfi um samfélagssáttmála og velferðarhugtakið. Það fellur bæði vel að hlutverki vaktarinnar og í henni eru fulltrúar allra helstu samfélagsafla og gerenda í íslensku samfélagi.

Tillögur

Tillögurnar sem hér fylgja á eftir eru smíðaðar á grundvelli þess rauða þráðar sem rekja má í skýrslunni *Farsæld – baráttan gegn fátækt á Íslandi* um að heildarsýn skuli ráða í meðferð mála einstaklinga og fjölskyldna. Þjónustan skuli samhæfð, samstarf milli þjónustugeira verði aukið og samráð viðhaft við veitingu þjónustu, til dæmis með gerð einstaklingsbundinna þjónustuáætlana. Sömu hugtök liggja til grundvallar þessum lykilorðum og liggja til grundvallar samfélagsáttmálanum þ.e. mannréttindi, félagsauður, valdefling, þátttaka og virkni.

Í þeim köflum skýrslunnar *Farsæld – baráttan gegn fátækt á Íslandi* sem fjallað er um velferðarhugtakið og mannréttindi, valdeflingu og félagsauð er að finna hugmyndafræðilegar forsendur tillagnanna og lagt til víðtækt samstarf þjónustuaðila, svo sem ríkis, sveitarfélaga, samtaka atvinnulífsins, hagsmunasamtaka og þriðja geirans. Starfshópur ráðuneytisins tekur undir þær hugmyndir sem fram koma um hugmyndafræðilegar forsendur og tillögur um aukið samstarf og fræðslu.

Þær tillögur sem hér fylgja á eftir snúa að mestu að þjónustu og hagnýtum úrlausnum. Ekki eru gerðar tillögur um víxlverkun bóta, þó heilshugar sé tekið undir mikilvægi þess að draga úr víxlverkun bóta. Í nýju frumvarpi um almannatryggingar sem er til meðferðar á Alþingi er mjög dregið úr áhrifum þessara víxlverkana.

Starfshópur ráðuneytisins nýtir að mestu þá flokka sem notaðir eru í fyrrnefndri skýrslu og falla tillögurnar hér undir eftirtalda flokka:

1. Fjölskyldur og félagslegur arfur.
2. Ungt fólk og endurhæfing.
3. Málefni barna.
4. Börn, einstaklingar og fjölskyldur af erlendum uppruna.
5. Velferðarreiknir.

1. Fjölskyldur og félagslegur arfur

Það að vera virkur í samfélaginu ætti að vera eftirsóknarvert og því þarf að skapa svigrúm til þátttöku og leggja mat á fólk út frá því sem það getur. Skipuleggja þarf úrræði þessara hópa þannig að fólk fái einstaklingsmiðaða ráðgjöf og að samspil sé milli kerfa eins og Vinnumálastofnunar og félagslegrar þjónustu svo einstaklingar tynist ekki eða falli milli kerfa. Hugsa þarf út fyrir rammann þegar skapa á störf og vettvang til að þjálfa fólk í nýjum greinum. Byggja þarf á ríkulegu samstarfi við og milli atvinnulífs og menntastofnana. Markvisst verði notast við þjónustu málstjóra þegar einstaklingar eða fjölskyldur þurfa aðstoð frá mörgum kerfum. Markmiðið er að kerfin virki betur saman, hvort sem einstaklingur fær atvinnuleysisbætur, fjárhagsaðstoð til framfærslu eða örorkubætur. Þess sé gætt að enginn tynist í „kerfinu“ og að þjónustan sé samhæfð.

1.A Barnabætur og húsaleigubætur

Markmið

Barnabætur og húsaleigubætur falli ekki niður við 18 ára aldur skólabarna hjá lágtekju fjölskyldum.

Framkvæmd

Breyta reglum um barnabætur og húsaleigubætur sem miða að því að tryggja fjölskyldum undir skilgreindu tekjuviðmiði, með ungmenni 18–20 ára í skóla sem búa heima, barnabætur og húsaleigubætur gegn framvísun skóla- og ástundunarvottorðs.

Samstarfsaðilar

Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkisskattstjóri.

Ábyrgð

Velferðarráðuneyti.

Tímabil

Verkefnið hefst vorið 2013 og ljúki 1. janúar 2014.

1.B Samfella, samvinna, samráð og samhæfing í þjónustu

Markmið

Þegar einstaklingar eða fjölskyldur fá fjölþætta þjónustu skal tilnefndur samhæfingaraðili sem er ábyrgðaraðili máls og gegnir hlutverki málstjóra.

Framkvæmd

Skipaður verði starfshópur fagfólks sem leggur fram tillögur um:

- Verklag um samstarf í máli einstaklinga með þjónustu frá mörgum aðilum.
- Fyrirkomulag um skipan samhæfingaraðila/málstjóra.
Málstjóri getur verið tilnefndur frá félagsþjónustu eða heilbrigðisþjónustu (heilsugæsla, geðdeildarþjónusta o.s.frv.). Málstjóri skal vera fulltrúi opinbera þjónustukerfisins og sá fagaðili sem er í mestum tengslum við einstaklinginn og þekkir hann best. Hann skal ávallt tilnefndur í samvinnu við einstaklinginn eða fjölskylduna.

Samstarfsaðilar

Fulltrúar heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, endurhæfingaraðilar og sérfræðingar á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Ábyrgð

Velferðarráðuneyti.

Tímabil

Vorið 2013 til 1. janúar 2014.

1.C Þverfagleg fagteymi á heilsugæslustöðvum

Markmið

Á heilsugæslustöðvum verði starfrækt þverfagleg teymi. Í teyminum verði auk hefðbundins starfsfólks heilsugæslu, svo sem hjúkrunarfræðinga og lækna, til dæmis félagsráðgjafar, iðjubjálfar, sálfræðingar, sjúkrabjálfarar og þroskabjálfar.

Framkvæmd

Skipaður verði starfshópur sem leggi fram tillögur um hvernig fyrirkomulagi þverfaglegra fagteyma á heilsugæslustöðvum skuli háttað.

Samstarfsaðilar

Fulltrúar heilbrigðis- og félagsþjónustu, svo sem frá heilsugæslu, sjúkrahúsum, sjálfstætt starfandi sérfræðingum og félagsþjónustu sveitarfélagsins, og hagsmunasamtaka.

Ábyrgð

Velferðarráðuneyti.

Tímabil

Hefjist vorið 2013 og ljúki 1. janúar 2014.

1.D Þverfaglegt samstarf félagsþjónustu og heilsugæslu

Markmið

Í öllum sveitarfélögum/heilbrigðisumdæmum/þjónustusvæðum verði komið á þverfaglegu samstarfi félagsþjónustu og heilsugæslu og annarra þjónustuaðila eftir þörfum.

Framkvæmd

Skipaður verði starfshópur sem leggur fram tillögur um hvernig fyrirkomulagi þverfaglegs samstarfs skuli háttað. Í heilbrigðisáætlun til 2020 kemur fram að skilgreina þurfi hvernig samstarfi heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu skuli háttað.

Samstarfsaðilar

Samband íslenskra sveitarfélaga, félagsþjónusta sveitarfélaga, heilsugæsla og heimþjónusta.

Ábyrgð

Velferðarráðuneyti.

Tímabil

Verkefnið hefjist vorið 2013 og ljúki 1. júní 2014.

2. Ungt fólk og endurhæfing

Það að vera ungur og virkur í samfélaginu ætti að vera eftirsóknarvert og því þarf að skapa svigrúm til þátttöku og leggja mat á fólk út frá því sem það getur. Hugsa þarf út fyrir rammann þegar skapa á störf og vettvang til að þjálfa fólk upp í nýjum greinum. Í því samhengi er reynsla annarra þjóða áhugaverð þar sem byggt er á ríku samstarfi atvinnulífs og menntastofnana og tilboðum um stuttar námsbrautir sem veita starfsréttindi eða starfsmenntun.

2.A Tryggja virkni ungs fólks

Markmið

Skapa þarf störf, námsleiðir og endurhæfingarúrræði hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum markaði í samstarfi við menntastofnanir og vinnumiðlun, með sérstakri áherslu á ungt fólk sem ekki er virkt, þ.e. hvorki í vinnu, námi né endurhæfingu.

Framkvæmd

Vinna þarf í samstarfi við einstaklinginn að einstaklingsmiðaðri lausn. Málstjóri hefur það hlutverk að samhæfa og vinna að lausn í samvinnu við ungmennið. Koma þarf á frekara samstarfi milli atvinnulífs og menntastofnana um stuttar námsbrautir sem veita starfsréttindi og starfsmenntun.

Samstarfsaðilar

Vinnumálastofnun, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samtök atvinnulífsins.

Ábyrgð

Velferðarráðuneytið.

Tímabil

Verkefnið hefjist vorið 2013 og ljúki 1. janúar 2014.

3. Málefni barna

Fjölskyldum með börn og sérstaklega tilteknum fjölskyldugerðum er hætt við að lenda undir fátæktarmörkum. Dæmi um þær eru einstæðir foreldrar, barnmargar fjölskyldur og fjölskyldur sem takast á við veikindi, fötlun eða atvinnuleysi. Börn sem búa við fátækt eru í hættu á að skaðast heilsufarslega og félagslega auk þess sem greina má beina fylgni milli fátæktar á uppvaxtarárum og lítillar menntunar er fram líða stundir. Þá er vitað að tímalengd fátæktar á æskuárum hefur mikið um það að segja hversu alvarlegar afleiðingarnar geta orðið.

3.A Dagvistun í boði fyrir öll börn frá eins árs aldri

Markmið

Að öllum börnum standi til boða leikskólapláss eða önnur dagvistunarúrræði við tólf mánaða aldur. Ekki sé munur á notendagjaldi eftir tegund úrræðis innan sveitarfélags.

Framkvæmd

Skipaður verði starfshópur sem mótar tillögur um leiðir sem miða að því að leikskólapláss eða önnur dagvistunarúrræði bjóðist öllum börnum frá eins árs aldri.

Samstarfsaðilar

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Ábyrgð

Sveitarfélög.

Tímabil

Lokið í árslok 2016.

3.B Gjaldfrjálsar tannlækningar barna

Markmið

Að öll börn og ungmenni hafi aðgang að gjaldfrjálsri þjónustu hjá tannlækni.

Framkvæmd

Ríki og tannlæknar ljúki samningum sem tryggi börnum og ungmönnum undir 18 ára aldri eina gjaldfrjálsa skoðun á ári og viðgerðir á skemmdum tönnum. Komugjaldi fyrir fleiri en eina skoðun innan sama árs verði stillt í hóf.

Samstarfsaðilar

Sjúkratryggingar Íslands og Tannlæknafélag Íslands.

Ábyrgð

Velferðarráðuneyti.

Tímabil

Lýkur vor 2013.

4. Börn, einstaklingar og fjölskyldur af erlendum uppruna

Um 8% þjóðarinnar eru af erlendum uppruna. Eftir efnahagshrunið hefur atvinnuleysi og langtíma-atvinnuleysi verið umtalsvert meira meðal útlendinga. Einnig hafa komið fram vísbendingar um aukinn fjölda fólks af erlendum uppruna sem sækir aðstoð til hjálparsamtaka, meðal annars vegna ónógra upplýsinga um velferðarþjónustu samfélagsins. Þá fjölga erlendum börnum sem þurfa aðstoð barnaverndaryfirvalda. Sú þróun og aðgreining sem þetta getur skapað veldur áhyggjum eins og þekkt er af reynslu annarra þjóða. Aðgengi að upplýsingum um uppbyggingu og markmið velferðar-samfélagsins er einn lykilþáttur í uppbyggingu félagsauðs og samfélagslegrar aðlögunar allra íbúa. Íbúar af erlendum uppruna eru viðkvæmur hópur á meðan þeir eru að festa rætur og skapa tengsl í sínu nýja samfélagi. Íslenskt samfélag er fjölbreyttara en áður og velferðarþjónustan þarf í auknum mæli að takast á við breytingar í notendahópi þjónustunnar.

4.A Móttökuáætlun

Markmið

Að draga úr aðgreiningu í samfélaginu og stuðla að gagnkvæmri aðlögun með fjölmennningarlegri nálgun í upplýsingagjöf og þjónustu.

Framkvæmd

Settur verði á fót starfshópur sem hefur það hlutverk:

- Að vinna að formlegri móttökuáætlun og efla þar með upplýsingagjöf um íslenska velferðarkerfið til fólks af erlendum uppruna.

Samstarfsaðilar

Samband íslenskra sveitarfélaga, Fjölmenningarsetur, Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar, Hafnarfjörður, Fjarðabyggð og Sveitarfélagið Hornafjörður.

Ábyrgð

Velferðarráðuneyti.

Tímabil

Hefjist haust 2013 og búið verði að móta móttökuáætlun 31. maí 2014.

4.B Rannsókn á stöðu barna af erlendum uppruna sem njóta aðstoðar velferðarþjónustunnar

Markmið

Að fá mynd af stöðu barna af erlendum uppruna sem fá þjónustu velferðarkerfisins og meta upplifun þeirra af þjónustunni.

Framkvæmd

Rannsóknin yrði tvíþætt:

- Upplýsingum safnað um fjölda barna af erlendum uppruna sem njóta aðstoðar velferðarkerfisins.
- Tekin viðtöl við börn og ungmenni af erlendum uppruna sem hafa fengið þjónustu frá ýmsum stofnunum velferðarkerfisins og upplifun þeirra metin.

Samstarfsaðilar

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Félagsvísindasvið og Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands, Barnaverndarstofa, Samband íslenskra sveitarfélaga, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Fjölmenningarsetur.

Ábyrgð

Velferðarráðuneyti.

Tímabil

Verkefnið hefst vorið 2013 og verði lokið 1. janúar 2015.

5. Velferðarreiknir

Ítrekað var um það rætt á fundum með stýrihópi hversu mikilvægt væri að reiknivélin sem nú nær til útgjalda myndi einnig ná til tekna og opinberra bóta og gjalda. Ýmsar reiknivélar eru þegar til staðar, til dæmis hjá ríkisskattstjóra og reiknivél vegna húsaleigubóta á vef velferðarráðuneytisins.

5.A Leiðarvísir fyrir almenning

Markmið

Fólk fái yfirsýn yfir fjármál sín, með heildrænu yfirliti yfir tekjur og útgjöld á einum stað.

Framkvæmd

Skipaður verði starfshópur til þess að þróa velferðarreikni. Velferðarreiknirinn myndi taka til allra tekna, svo sem launatekna, opinberra bóta og lífeyrissjóðstekna. Hluti velferðarreiknis hefur þegar verið þróaður með reiknivél neyslumiðmiða sem er aðgengileg á vef velferðarráðuneytis.

Samstarf

Háskólar, ríkisskattstjóri, Tryggingastofnun ríkisins, bankarnir, lífeyrissjóðir, stéttarfélög, Island.is o.fl.

Ábyrgð

Velferðarráðuneyti.

Tímarammi

Hefst vorið 2013 og lýkur vorið 2014.

Fylgiskjöl

Aðalefni

Hjálparstarf kirkjunnar og Rauði krossinn í Reykjavík. (2012). *Farsæld – baráttan gegn fátækt á Íslandi*. Samstarfshópur um enn betra samfélag. Sótt 27. mars 2013: <http://www.help.is/doc/119>

Ítarefni

Boston Consulting Group. (2011). *Health Care System reform and short term savings opportunities*. Velferðarráðuneytið.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. (Maí 2012). *Aðstæður reykviskra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna*. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Sótt 27. mars 2013 af: http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/velferdarsvid/Adstaedur_reykviskra_foreldra_030512.pdf

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2010). *Matarúthlutanir hjálparstofnana: Könnun á samsetningu hópsins sem þáði matarúthlutun 24. nóvember 2010*. Velferðarráðuneytið. Sótt af vef 27. mars 2013:

http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/MataruthlutanirHjalparstofnana2010_Skyrsla_04012011.pdf

Integrerings- og mangfoldsdirektoratet. (e.d.). *Ny i Norge: Praktiske opplysinger fram offinlige etater*. Sótt 14. nóvember 2012 af <http://www.nyinorge.no/no/Ny-i-Norge-velg-sprak/>

KL. (e.d.). *Vejde vinder pris som årets integrationskommune*. Sótt 8. janúar 2013 af <http://www.kl.dk/Beskaftigelse-og-integration1/Vejle-vinder-pris-som-arets-integrationskommune-id114704/>

MIRRA – Miðstöð InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkademíunnar. (2012). *Rannsóknir og rit um málefni innflytjenda og íslenskt fjölmenningsamfélag*. Sótt 14. nóvember 2012 af http://www.mirra.is/Rannsoknir_um_innflytjendur_januar_2012.pdf

Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið. (2012). *Blíð byrjun*. Sótt 27. mars 2013 af: http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skola_og_fristundasvid/skjol/BB-lokask_rsla.pdf

Reykjavíkurborg, Leikskólasvið. (2008). *Skýrsla starfshóps vegna yngri barna í leikskólum*. Sótt 27. mars 2013 af:

http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/leikskolasvid/skyrsla_starfshops_vegna_yngri_barna_i_leikskolum.pdf

Sandra María Steinarsd. Polanska. (2011). *Er gott aðgengi að upplýsingum lykillinn að bættri þjónustu?* Notendasamráð við pólska borgarþúa sem hafa fengið þjónustu frá Þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur. Reykjavík: Nýsköpunarsjóður námsmanna og Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Sótt 27. mars 2013 af:

http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/velferdarsvid/rannsoknir_kannanir/ergottadgengiadupplyk_illadbatttrithjonustu.pdf

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (2009). *Stefna í málefnum nýrra íbúa*. Sótt 19. nóvember 2012 af <http://www.fjardabyggd.is/media/PDF/nyiribuarstefna.pdf>

Skýrsla nefndar heilbrigðisráðherra (2010). *Áfangar í eflingu heilsugæslunnar*. Heilbrigðisráðuneytið Reykjavík 2010. Sótt 27. mars 2013 af:

http://www.velferdarraduneyti.is/media/Frettamyndir_2010/Afangar_i_eflingu_heilsugaeslunnar.pdf

Social- og integrationsministeriet. (2012). *Den gode modtagelse af flygtninge i kommunerne*. Sótt 14. desember af

http://bm.dk/upload/BEM/Files/Dokumenter/Publikationer/2011/Den_gode_modtagelse_af_flygtninge_i_kommunerne.pdf

- Velferðarráðuneyti. (2011). *Íslensk neysluviðmið*. Sótt 27. mars 2013 af: http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/Neysluvidmid_lokautgafa_vef.pdf
- Velferðarvaktin. (2009). *Vinnuskýrsla hóps um málefni barna*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneyti. Sótt 27. mars 2013 af: <http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/BarnahopurFyrstaSkýrsla.pdf>
- Velferðarvaktin. (2009). *Áfangaskýrsla stýrihóps*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneyti. Sótt 27. mars 2013 af: <http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/FyrstaAfangaskýrslaStyrihops.pdf>
- Velferðarvaktin. (2010). *Þjónusta sveitarfélaga við börn og barnafjölskyldur*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneyti. Sótt 27. mars 2013 af: http://www.velferdarraduneyti.is/media/utgafa2010/29102010_Skýrsla_um_thjonustu_sveitarfelaga.pdf
- Velferðarvaktin. (2011). *Áfangaskýrsla velferðarvaktarinnar*. Reykjavík: Velferðarráðuneyti. Sótt 27. mars 2013 af: http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/Afangaskýrsla_velferdarvaktar_jun2011.pdf
- Velferðarvaktin. (2012). *Velferð barna í erfiðri stöðu*. Framhald könnunar velferðarvaktarinnar frá vorinu 2011. Rýnihópar. Reykjavík: Velferðarráðuneyti. Sótt 27. mars 2013 af: http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/Velferd_barna_velferdarvaktin_sumarver_kefni_2012.pdf